

*Félags – og skólaþjónusta*  
**RANGÁRVALLA- OG VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU**  
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvalsvellir

---

**FUNDARGERÐ**

**38. fundur stjórnar Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skafta-fellssýslu verður haldinn þriðjudaginn 26. mars, 2019, klukkan 16:30, á skrifstofu Mýrdalshrepps.**

**Mættir:** Lilja Einarsdóttir, Brynja J. Jónasdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Þorsteinn M. Kristinsson og Edda Antonsdóttir. Haraldur Eiríksson situr fundinn gegnum fjarfund. Helga Lind Pálsdóttir boðar forföll.

**Dagskrá:**

**1. Áframhaldandi umræða um rekstrarforms byggðarsamlags um Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu sbr. niðurstöðu 37. fundar stjórnar frá 12.03.2019.**

Óskað var eftir tilboðum frá PWC og KPMG, vegna rekstrarfyrirkomulags tillögu a, samþykkt á 37. fundi stjórnar, þar sem eftirfarandi var bókað:

*„Stjórnin samþykkir fyrir sitt leyti að leið a, eitt byggðasamlag og tvær stofnanir, verði farin með fyrirvara um að ekki verði um verulegan kostnaðarauka að ræða“.*

Ljóst er af tilboðum, að um verulega hagræðingu verður að ræða, með því að fara þessa leið, allt að kr. 1.500.000.- á ári. Að fengnum niðurstöðum úr verðkönnunum, samþykkir stjórnin samhljóða fyrir sitt leyti, að fara þessa leið og óskar eftir staðfestingu sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna, svo hægt sé að undirbúa breytinguna fyrir komandi aðalfund á vordögum.

**2. Málafni félagsþjónustudeildar.**

- a. Vinnusamningar vegna fatlaðra barna – til umræðu.
- b. Akstursþjónusta fyrir eldri borgara – til kynningar.
- c. Samningar um bakvakt barnaverndar – til kynningar.

Liðnum frestað vegna forfalla forstöðumanns félagsþjónustudeildar.

### 3. Starfsmannamál skólaþjónustudeildar.

Forstöðumaður, Edda Antonsdóttir, fer yfir starfsmannamál deildarinnar. Ljóst er að verkefni í kennsluráðgjöf hafa vaxið mikið, m.a. í ljósi þess að skortur hefur verið á sérkennurum á þjónustusvæðinu, auk aukinna stjórnunarumsvifa og fjölgunar verkefna. Einungis er sérkennari starfandi í einum grunnskóla af fimm. Hlutverk sérkennara er m.a. að vinna námslegar greiningar. Sú vinna hefur legið á herðum forstöðumanns/kennsluráðgjafa en við stofnun skólaþjónustudeildarinnar var ákveðið að hafa hlutföllin 30% í stjórnun og 70% í kennsluráðgjöf. Það fyrirkomulag getur alls ekki gengið lengur og er hvor þáttur fyrir sig stórlega vanáætlaður miðað við starfsemi deildarinnar í dag.

Reynt var, fyrir tveimur árum, að auglýsa 50% stöðu kennsluráðgjafa við skólaþjónustudeildina án árangurs. Stjórn skólaþjónustunnar telur að auka þurfi stöðugildi við stofnunina og auglýsa þurfi 70 - 100% starfshlutfall, til að auka líkur á ráðningu kennsluráðgjafa.

Auk þess vill stjórn skólaþjónustunnar beina þeim tilmælum til aðildarsveitarfélaganna, að tafarlaust verði ráðnir menntaðir sérkennarar við alla grunnskóla á þjónustusvæðinu.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:15.**

Lilja Einandóttir  
Edda Antonsd.  
Brynja Jónasdóttir  
þorgerður Ástladd  
Jóna M. Þ.